

# 51. stjórnarfundur Bergrisans bs.

31.01.2023

Staðsetning: Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

## Mætt:

Fjóla St. Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Svava Davíðsdóttir og Sigprúður Birta Jónsdóttir

Svava Davíðsdóttir og Sigprúður Birta Jónsdóttir viku af fundi eftir þriðja fundarlið.

Íris Ellertsdóttir ritaði fundargerð.

## 1. Breytingar á skipan þjónusturáðs Bergrisans bs.

Stjórn Bergrisans þakkar þeim Melkorku Jónsdóttur, fráfarandi forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings og fyrrum fulltrúa í þjónusturáði Bergrisans bs. og Heiðu Ösp Kristjánsdóttur, fyrrum deildarstjóra velferðarþjónustu Árborgar og fyrrum formanni þjónusturáðs fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

Anný Ingimarsdóttir, staðgengill forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings, og Sigprúður Birta Jónsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu Árborgar eru nýir fulltrúar í þjónusturáði Bergrisans. Eru þær boðnar velkomnar til samstarfsins.

Svava Davíðsdóttir, framkvæmdastjóri Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og fulltrúi í þjónusturáði Bergrisans hefur tekið við formennsku í ráðinu.

## 2. Fundargerðir þjónusturáðs nr. 163 og 164

Svava Davíðsdóttir, formaður þjónusturáðs Bergrisans bs. kynnir fundargerðirnar.

Stjórn Bergrisans bs. samþykkir fundargerðirnar en leggur til breytingu á lið fimm í fundargerð 164 þar sem fjallað er um fjölgun fulltrúa í þjónusturáði. Stjórn samþykkir að fulltúum þjónusturáðs fjölgi um tvo frá og með 1. mars nk. í samræmi við fjölgun þjónustusvæða úr þremur í fimm á starfssvæði Bergrisans bs. og verði þeir þá fimm talsins. Stjórn leggur jafnframt til að skipaðir verði varamenn í þjónusturáð, þá á sama fyrirkomulag við um fagteymi Bergrisans bs.

## 3. Vinna og virkni- skammtímaþjónustusamningur við Ás styrktarfélag

Skóla- og velferðarþjónusta Árnespings leggur fram erindi fyrir hönd Hveragerðisbæjar þar sem óskað er eftir að Ás styrktarfélag veiti tímabundna þjónustu er varðar vinnu- og virkni. Stjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti miðað við gefnar forsendur og felur verkefnastjóra Bergrisans að undirrita samninginn fyrir hönd Bergrisans bs.

#### 4. Skaftholt- endurskoðuð samningsdrög lögð fyrir

Stjórn Bergrisans hefur átt í samningaviðræðum við Skaftholt ses. en samningur við félagið rann út 31.12.2022. Fyrir fundinum liggja samningsdrög um þjónustuna í Skaftholti með gildistíma til eins árs. Stjórn Bergrisans samþykkir samningsdrögin með þeim fyrirvara að starfsleyfi sé í gildi vegna búsetu og atvinnu- og hæfingar.

Stjórn felur verkefnastjóra Bergrisans að ganga frá samningi að upphæð 134.198.000 og að gefnum forsendum.

#### 5. Drög að stjórnskipulagi Bergrisans lögð fram til kynningar

Í kjölfar úttektar HLH ráðgjafar á stjórnarsýslu- og rekstri Bergrisans bs. hefur stjórn Bergrisans ákveðið að vinna að nýju stjórnskipulagi fyrir byggðasamlagið. Skipulagið er unnið út frá tillögum HLH ráðgjafar og er ætlað að það endurspegli rekstur Bergrisans bs. Frekari umfjöllun um stjórnskipulag fer fram á auka aðalfundi Bergrisans 20. febrúar nk.

#### 6. Stöðugildi sérfræðings

Vegna aukinna umsvifa í rekstri Bergrisans bs. leggur stjórn Bergrisans til að ráðinn verði inn starfsmaður í 75-100% starf, tímabundið í eitt ár. Aukin umsvif hafa orðið vegna ytri aðstæðna þar sem gerðar eru auknar kröfur um gæði og uppbyggingu í málefnum fatlaðs fólks og vegna innri þátta sem snúa að fjölgun þjónustusvæða og uppbyggingu er varðar gerð og innleiðingu heildstæðrar stefnu um faglegt starf og húsnæðisáætlun.

Fundi slitið klukkan 15:00